

Nd.

260. Lög

um samþyktir um sýsluvegasjóði.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir um stofnun sýsluvegasjóða.

2. gr.

Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvila á sýslufjelögum, greiðist úr sýsluvegasjóði.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan hveðrar sýslu. Skattur þessi greiðist á mauntalsþingi af ábúanda hveðrar jarðar, en af eiganda hveðrar lóðar eða húseignar í kaupúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera það ár, en hann skal vera minst $1\frac{1}{2}$ af hverju þúsundi af virðingarverði skattskyldra fasteigna, samkvæmt fasteignamati, og má eigi hærri vera en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að fráðregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur samkvæmt 8. gr. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherrann samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjlagið ver til vegagerðar innan-

hrepps á því ári að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

5. gr.

Heimilt er sýslunefndum að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundradsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundradsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% hærra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fje á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

6. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim, enn fremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda.

Á sama hátt má einnig ívilna þeim kauptúnum, sem eru sjerstakt hreppstjelag og hafa litil not af vegakerfi sýslunnar.

7. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykta, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

8. gr.

Nú eru útgjöld sýsluvegasjóðs meiri en sem svarar 2 af þúsundi á skattskyldum fasteignum, og skal þá greiða tillag í sjóðinn úr ríkissjóði, móts við þann hluta vegaskattsins, sem er umframt 2‰, sem hjer segir:

Móts við þann hluta skattsins, sem er frá 2‰ til 4‰, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði.

Móts við þann hluta, sem er frá 4‰ til 6‰, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði.

Móts við það, sem umfram er 6‰, greiðist þrefalt framlag úr ríkissjóði, enda hafi samþykki ráðherra verið fengið samkv. 3. gr.

Tillag ríkissjóðs má greiða jafnóðum og þörf krefur, eftir meðmælum vegamálastjóra.

9. gr.

Eftirstöðvar af lánum þeim, sem sýslufjelög hafa tekið til vegabóta áður en lög þessi öðlast gildi, má greiða úr sýsluvegasjóði, með skilorði því, er getur í niðurlagi 3. gr.

10. gr.

Nú er samþykkt gerð af sýslunefnd, og skal hún þá send atvinnu- og samgöngumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykkt, er ráðherra hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

11. gr.

Gjöldum til vega samkvæmt samþykktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lög-reglumál.

13. gr.

Jafnframt og ráðherrann staðfestir samþykkt fyrir einhverja sýslu samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi í þeirri sýslu ákvæði 20. gr. laga um vegi, 22. nóv. 1907, um gjöld verkfærra manna til sýslusjóðs, og ennfremur ákvæði 6. gr. laga nr. 41 frá 11. júlí 1911, um hve nær verslunarstaðir, sem eru brepps-fjelag út af fyrir sig, skuli vera lausir við að greiða sýslu-vegagjald.